

Hafnarfirði 19. janúar 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldraráðs grunnskólabarna frá 384. fundi fræðsluráðs

Óskað er eftir upplýsingum um það hvað SMT kostar Hafnarfjarðarbæ, annars vegar á ári og hins vegar hversu miklu hefur verið varið í SMT síðustu 3 ár. Endurmenntun starfsmanna sem vinna samkvæmt SMT, hvernig henni er háttað. Úttektir á SMT kerfinu, hvernig þær eru framkvæmdar og af hverjum.

- SMT – stendur fyrir School Management Training og er þróað út PMTO (parent Management training – Oregon). PBS (Positive Behavior Support) og er SMT því skólahluti PMTO.
- SMT hefur verið innleitt í alla grunnskóla Hafnarfjarðar. Nú stendur yfir innleiðing í Skarðhlíðarskóla. Átta leikskólar af sautján starfa eftir SMT kerfinu í Hafnarfirði. Þar af er Bjarkalundur í innleiðingarferli.
- Það eru tvö SMT teymi þvert á skólana sem sjá um fræðslu og reglur inni í skólunum og svo lausnar-teymi SMT innan hvers skóla sem er virkjað til þess að styðja við erfiða nemendur í skólanum.
- Skrifstofa fræðslu- og frístundarþjónustu veitir skólunum handleiðslu (verkefnisstjóri PMTO) inn í bæði teymi (SMT teymi og lausnar-teymi SMT). Þessi handleiðsla fer fram 2-3 sinnum á önn.
- Eitt grunnámskeið PMTO/SMT (20 starfsmenn) er haldið fyrir leik- og grunnskóla hjá skrifstofu fræðslu- og frístundarþjónustu. Þar eru starfsmönnum leik- og grunnskóla kennt á verkfæri PMTO/SMT og þau aðlöguð inn í skólann.
- SET mælingar eru framkvæmdar af verkefnisstjóra PMTO. Núna í ár 2017-2018 gerir PMTO Ísland það fyrir okkur þar sem verkefnastjóri hefur ekki verið starfandi frá því í haust. Þessar mælingar eru gerðar á hverju ári til þess að fylgjast með hversu vel það gengur að viðhalda kerfinu inni í skólunum. Ef þessar mælingar koma illa út er boðið uppá aðstoð í gegnum skrifstofu fræðslu- og frístundarþjónustu (verkefnisstjóra PMTO). Í ár höfum við keypt þá þjónustu í verktöku þar sem verkefnastjóri er ekki starfandi. Sá kostnaður er um 250.000 kr.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna SMT hefur verið fólgin í stöðugildi verkefnisstjóra PMTO sem til helminga ætlað SMT á móti því sem hann sinnir PMTO einstaklingsmeðferð og hópmeðferð. Auk þess að fylgja eftir erfiðum einstaklingsmálum inni í skóla. Verkefnstjórinn skipuleggur einnig foreldrafærninámskeið, 3 - 4. námskeið á ári sem kosta um 2,7 millj.króna.

Foreldrar greiða 25.000 kr. á námsskeið ef þau eru bæði eða 17.500 kr. á einstakling.

Árlegur kostnaður verkefnastjóra er 9.000.000 kr. (SMT og PMTO). Annar kostnaður er tilfallandi námskeiðskostnaður starfsmanna sem dreifist á stofnanir/skóla. Kostnaður sveitafélagsins 2017 vegna verkefnastjóra var 4.500.000 kr. og síðustu 3 ár er kostnaður vegna verkefnisins um 19.500.000 kr. auk kostnaðar við foreldrafærninámskeið og önnur námskeið.

Virðingarfyllt

Fanney Dórothe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu.